

Bæjarstjórn 05.11.2015

Á fundi bæjarstjórnar 5. nóv. 2015 lagði Guðrún Elín Herbertsdóttir fram eftirfarandi tillögu:

„Björt framtíð leggur áherslu á að unnið verði á markvissari hátt að því að fjölga byggingu á litlum og ódýrum íbúðum í Garðabæ.“

Greinargerð:

Tillaga sem lögð var fram á þar síðasta bæjarstjórnarfundum um hugmyndasamkeppni um rammaskipulag á Lyngássvæðinu er góð og gild en hún er einnig tímafrek. Margt má gera í millitíðinni. Björt framtíð hvetur bæjaryfirvöld til að taka meðal annars vel í nýlegar umsóknir verktaka sem hafa óskað eftir lóðum til að byggja ódýrar íbúðir. Hefja á samtalið strax við þessa aðila og einnig að bjóða enn fleiri vertökum og byggingarfélögum að borðinu. Við þurfum skýra aðgerðaráætlun um það hvernig og hvenær við ætlum að bjóða upp á raunhæfa húsnæðiskosti fyrir ungt fólk og barnafólk.

Bæjarstjórn samþykkti að vísa tillögunni til bæjarráðs.